



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Staða lífeyrissjóðanna árið 2013

Á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins er að finna skýrslu um ársreikninga lífeyrissjóða fyrir árið 2013. Þar er jafnframt að finna excel skjal sem inniheldur talnaefni skýrslunnar. Skýrslan í heild sinni er [hér](#) en helstu niðurstöður hennar eru eftirfarandi:

Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna, sameignar- og séreignardeilda, þ.e. ávöxtun umfram verðbólgu, var 5,4% samanborið við 7,3% á árinu 2012. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar samtryggingadeilda var 5,6% á liðnu ár en sl. 5 ár var hún 2,6%. Raunávöxtun sjóðanna hefur verið mjög góð síðastliðin tvö ár og vel yfir 3,5% ávöxtunarviðmiði. Samsvarandi ávöxtun sl. 10 og 20 ár, var annarsvegar 3,6% og hinsvegar 3,9%.

Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda 2002-2013



Eignir samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna námu um 2.400 milljörðum króna í árslok 2013 samanborið við um 2.160 milljarða í árslok 2012. Nemur aukningin um 11,7% sem samsvarar jákvæðri raunaukningu upp á 7,7% miðað við vísitölu neysluverðs.

Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila á árinu 2013 jókst nokkuð minna en hjá samtryggingardeildum lífeyrissjóða eða um 8% og nam 412 milljörðum. Séreignarsparnaður í heild nam um 15,0% af heildareignum lífeyriskerfisins í árslok 2013.

Séreignasparnaður í vörslu lífeyrissjóðanna nam 260 milljörðum króna en 152 milljarðar króna voru í vörslu annarra vörsluaðila.

Heildareignir lífeyrissparnaðar, það er samtryggingadeilda lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar, námu í árslok 2.812 milljörðum sem samsvarar um 158% af vergri landsframleiðslu (VLF).

Iðgjöld til samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna hækkuðu um 6% á milli ára eða úr tæplega 111 milljörðum króna í árslok 2012 í rúmlega 117 milljarða króna í árslok 2013. Gjaldfærður lífeyrir var nærri 82 milljarðar króna árið 2013 en var 74 milljarðar króna árið 2012. Iðgjöld til séreignasparnaðar námu um 28 milljörðum á árinu 2013 sem er lækkun um einn milljarð frá árinu áður. Útgreiddur lífeyrir séreignasparnaðar nam um 16,7 milljörðum króna, þar af var um helmingur vegna tímabundins bráðbirgðaákvæðis í lögum. Útgreiðslur vegna þessa ákvæðis lækkuðu umtalsvert milli ára eða um rúmlega 6 milljarða.

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði skal vera jafnvægi á milli eigna og skuldbindinga samtryggingadeilda lífeyrissjóða sem eru án ábyrgðar. Komi í ljós við tryggingafræðilega athugun að munur á eignum og skuldbindingum sé yfir 10% eða meiri en 5% samfelt í fimm ár ber lífeyrissjóði að grípa til viðeigandi ráðstafana til að ná jafnvægi milli eigna og skuldbindinga. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VI í lífeyrissjóðalögunum er lífeyrissjóðum heimilt að hafa allt að 11% mun á milli eignaliða og framtíðarskuldbindinga vegna lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2013, án þess að gera breytingar á samþykktum sjóðsins.


14 deildir lífeyrissjóða án ábyrgðar voru með neikvæða tryggingafræðilega stöðu í árslok 2013 en engin með halla yfir 11%. Þeir lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélags eru undanþegnir ákvæðum laganna sem fjalla um jafnvægi milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða. Lítil breyting er á stöðu þessara sjóða á milli ára en verulegur halli er nánast hjá þeim öllum.

Vegna góðrar ávöxtunar samtryggingardeila lífeyrissjóða á síðastliðnum tveimur árum hefur heildar tryggingafræðileg staða batnað. Hjá sjóðum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga var staðan neikvæð um 595 milljarða króna við árslok 2013 eða nærri -38% að meðaltali sem hlutfall af skuldbindingum. Sjóðir án ábyrgðar laungreiðenda eru komnir með tryggingafræðilega stöðu nálægt jafnvægi en þeir eru með neikvæða heildar tryggingafræðilega stöðu sem nemur 68 milljörðum króna eða um -2% sem hlutfalli af skuldbindingum.

Heildarstaða:	Sjóðir með ábyrgð	Sjóðir án ábyrgðar
Halli	-595	-68
Halli sem % af skuldb.	-38%	-2%

Um 11% af fjárfestingum lífeyrissjóðanna voru í óskráðum bréfum í árslok 2013 samanborið við um 13% í árslok 2012. Með óskráðum bréfum er átt við þau verðbréf sem ekki hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Gengisbundnar fjárfestingar námu um 24% af heildareignum lífeyrissjóðanna, í árslok 2013.

Á myndinni hér að neðan sést skipting eignasafna samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna og séreignarsparnaðar í árslok 2013. Eins og undanfarin ár er hlutdeild fjárfestinga í verðbréfum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga enn að aukast og var nærri helmingur af eignasafninu eða um 44%. Hlutdeildin er nálægt 50% ef horft er í gegnum fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.



Athygli skal vakin á því að skýrslan verður aðeins birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Heimilt er að nota efni úr ritinu, enda sé heimilda getið.

[Ársreikningabók 2013](#)

Tölflur úr ársreikningabók 2013 er einnig að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður G. Valgeirsson, sgv@fme.is, sími: 520-3700